

Ágæti félagsmaður,

10. desember 2008

## I Sauðfjársláturtíð

### Samantekt

Í heildina gekk sauðfjársláturtíð mjög vel. Hópurinn sem valdist til starfa á Selfossi var einstaklega góður og náði meiri vinnuhraða og betri verkun en áður. Slátrun rúmlega 2400 kinda á dag var yfirleitt lokið um klukkan hálf fimm. Unnar voru kvöld og næturvaktir og stærstur hluti kjötsins skorinn eða sagaður jafnóðum.

Það er hins vegar hefðbundið vandamál að þrátt fyrir að slátrun hefjist síðar í ágúst en áður var og þrátt fyrir háar yfirborganir fæst ekki nægt fé til slátrunar fyrri hluta september til að fullnýta afkastagetuna. Vannýtt sláturgeta eykur sláturkostnað. Til að mæta óskum bænda var slátrað flesta laugardaga eftir að full slátrun hófst og tókst það mjög vel en var einnig til hækkunar á sláturkostnaði.

Á sumum svæðum er fé í heimalöndum og þarf að vinna að samstöðu um að þessi svæði sameiginlega nýti sláturtímamann í byrjun sem á að vera hagkvæmt bæði fyrir bændur og SS.

Miklar breytingar á gengi íslensku krónunnar komu illa við erlent starfsfólk sem til okkar kom. Lengi vel var óvíst hvort það fengi keyptan gjaldeyri til að taka með heim fyrir launin sín en bjargaðist fyrir horn að lokum. Lækkun krónunnar orsakaði launalækkun í erlendri mynt hjá því fólki sem ráðið var á íslenskum töxtum en kom til að vinna og fara með launin heim aftur. Það er vonandi að íslendingar þurfi ekki að upplifa aftur ástand eins og var í haust.

Heimtaka bænda var mikil sem kallar á að betur þarf

að festa verklag í kringum heimtöku til að framkvæmdin gangi vandræðalaust. Heimtaka stuðlar örugglega að aukinni neyslu dilkakjöts en okkur eru skorður settar um umferð fólks um stöðina og gengur það t.d. ekki upp að margir séu að sækja heimtekið kjöt frá einum innleggjenda eða verið sé að senda það á marga staði.

Útflutningur kjöts hefur gengið mjög vel í haust með einni undantekningu. Gámur með ferskt kjöt til Bandaríkjanna bilaði. SS var tryggt fyrir þessu en þurfti að senda nokkrar flugsendingar til að bæta fyrir tapað magn. Mikil og góð sala er til Noregs og líklegt að hægt verði að fullnýta tollkvóta Íslands, 600 tn, á næsta ári. Núverandi veik staða krónunnar gerir að útflutningur allra afurða er mun hagkvæmari en áður og mikilvægt að flytja út eins og hægt er til að létta á innanlandsmarkaði. SS er að leita nýrra markaða í USA, Kanada og Japan og líklegt að það skili árangri í útflutningi á sérsniðnum frosnum pörtum úr lambi. Útflutningur gæra hefur hins vegar gengið erfiðlega. Verð hefur hrunið á mörkuðum og illa gengur yfir höfuð að finna kaupendur eða þeir hlaupa frá gerðum samningum.

Það var hart slegist um viðskipti bænda og sláandi var rangur fréttáflutningur sem einn aðili beitti ítrekað í Bændablaðinu. Sem betur fer sáu flestir í gegnum þessar rangfærslur og góð vinna okkar fólks skilaði okkur aukningu í sláturfjölda frá fyrra ári og er SS sem fyrr með mestan sláturfjölda í einu sláturhúsi. Eftirfarandi er þróun slátrunar síðustu ár.

Viðtakandi:

## Yfirlit sláurtalna

Vika	2005	2006	2007	2008
<b>Páskar</b>	<b>1.263</b>	<b>1.143</b>	<b>1.220</b>	<b>1.353</b>
30	423	0	0	0
31	583	641	0	0
ágú. 32	816	961	0	0
33	1.125	750	568	0
34	1.966	897	1.090	1.690
35	3.420	3.258	2.355	1.346
sep. 36	5.370	3.698	3.527	3.715
37	8.099	5.336	4.066	3.853
38	10.462	1.0496	10.771	5.951
39	10.635	11.592	11.894	13.325
40	11.081	11.614	13.439	13.474
okt. 41	12.312	11.832	13.483	13.859
42	11.049	11.986	13.729	13.421
43	10.850	12.001	12.008	12.103
44	8.701	9.094	8.678	12.198
nóv. 45	6.428	4.533	4.904	7.657
46	1.330	2.799	985	708
47	1.176	796	732	584
48	1.103	520	1.403	1.247
des. 49	1.361	1.536	0	0
50	873	0	0	0
51	0	0	0	0
<b>Samtals</b>	<b>110.426</b>	<b>105.483</b>	<b>104.843</b>	<b>106.484</b>
<b>Meðalþyngd dilka</b>	<b>15,2 kg.</b>	<b>15,5 kg.</b>	<b>15,3 kg.</b>	<b>15,4 kg.</b>

### Nokkrar myndir úr sláurtíð

Í sláurtíð er líf og fjör og mikilvægt að halda léttleika við mjög erfið störf. Eftirfarandi eru nokkrar myndir úr sláurtíð haustsins :



Fláningslínan á fullu.  
Metafköst voru í haust með um 370 kindur á klst.



*Heljarmenni að störfum, Gerald Cummings frá Nýja Sjálandi (NS) tekur á því. Oftast kallaður Big G.*



*Létt yfir NS fláningsmönnum. Frá vinstri Shawn, Warren, Natan, Willy og Big G.*



*Katarzyna frá Póllandi, glæsileg með vélindahnífinn.*



*Flottir feðgar frá NS sem eru snillingar í innanúrtöku. Nancy og Moss. Moss er búinn að vera hjá okkur í fjögur haust.*



*2 handfljótar á bakkabandinu, systurnar Ásta og Magga frá Reykjum á Skeiðum.*



*Allt skal vegið og metið. Ómar frá Hemru, Kristján frá Hólum, við Heklurætur og Einar frá Ytri-Sólheimum.*



*Stöðin skoðuð með Hermanni stöðvarstjóra. Frá vinstri Guðmundur framleiðslustjóri, Hermann, Gréta sölu-/markaðsstjóri og Hjalti fjármálastjóri.*



*Yfirmenn Dlg, stærsta fýðurfyrirtækis Norðurlanda og samstarfsaðili SS, í heimsókn. Frá vinstri Asbjörn Börsting forstjóri & Ole Christensen framkvæmdastjóri.*



*Ole hreifst mjög af eistnatökunni og ætlaði að sýna sölumönnum sínum hvernig gæti farið fyrir þeim ef þeir stæðu sig ekki ☺*



*Haraldur rafvirki, Hermann og Salej verkstjóri. Truflanir vegna bilana voru í lágmarki í haust. Og ef undirritaður passar að koma ekki á mánudögum bilar nánast ekki neitt. Einhverjir trúu því að stríðnin í Kampholtsmóra sé stundum að verki en það er ósannað.*



*Slátursalan jókst mikið milli ára og var tiltekt og afgreiðsla undir traustri stjórn Thorvalds Imsland verkstjóra sem nýlega fagnaði 50 ára starfsafmæli hjá SS. Með honum hægra megin er Helgi Daniélfsson, sem fagnaði 70 ára afmæli í sumar.*

## II Staða á kjötmarkaði

Það er full mikið framboð á innlendum kjötmarkaði. Einkum á svínakjöti en í minna mæli einnig á nautakjöti. Offramboð á svínakjöti hefur leitt til lækkunar á verði til bænda en vonast er til að jafnvægi náist fljótlega. Svínakjöt og kjúklingar byggja nær alfarið á innfluttu fóðri og hefur afkoma þessara greina því versnað mikið vegna veikingar krónunnar. Aukið framboð nautakjöts hefur orsakað bið eftir slátrun víða um land. Hætta er á verðlækkun við slíkar aðstæður og skynsamlegra að setta sig við bið eftir slátrun tímabundið.

Vegna aukinnar fallþyngdar í haust er nóg til af dillakjöti á innanlandsmarkaði. Skráð sala síðustu mánuði er mjög góð en villandi vegna þess að í sölutölum eru stórar tilfærslur birgða milli sláturleyfishafa sem er

ekki endanleg sala til neytenda heldur frá einum sláturleyfishafa til annars og dregur væntanlega úr skráðri sölu á næstu mánuðum. Þrátt fyrir mikla hækkun til bænda í haust er markaðsstaða dillakjötsins góð. Þar skiptir mestu að veik króna gerir útflutning hagstæðan og líklegt er að sláturleyfishafar flytji út meira en sem nemur útflutningsskyldunni sem er mjög gott fyrir jafnvægi innlands kjötmarkaðar.

Löng bið er eftir slátrun fullorðinna hrossa. Innanlandsmarkaður tekur ekki við nema hluta framleiðslunnar og áfram unnið í því að auka sölu til erlendra kaupenda. Folaldakjöt eru hins vegar í góðu jafnvægi. Þar hjálpar vörupróun og aukin sala á afurðum úr folaldakjöti hjá SS.

## III Flutningur afgreiðsludeildar frá Reykjavík til Hvolsvallar

Í lok júlí 2007 var lögð fyrir stjórn SS tillaga um flutning afgreiðsludeildar frá Fosshálsi til Hvolsvallar. Ávinningur í breytilegum kostnaði var metinn yfir 2 mkr. á mánuði en að fastur kostnaður yrði svipaður þ.e. fjárfesting á Hvolsvelli yrði svipuð og markaðsverðmæti þess húsnæði sem losnaði og mætti selja eða leigja á Fosshálsi.

Ótal útfærslur voru skoðaðar til að koma afgreiðsludeildinni fyrir á Hvolsvelli. Stækkun verksmiðjunnar á nokkrum stöðum, bygging nýs frystihúss var skoðuð ef eldra hús væri tekið undir afgreiðsludeildina o.s.frv. Niðurstaðan, sem sýnir sig að vera mjög góð, var að byggja afgreiðsluhús við NV hlið verksmiðjunnar. Húsið er 450 m<sup>2</sup> að stærð auk viðbótar sem fékkst með því að endurnýja rými í frystihúsi til að nýta sem afgreiðslufrysti.



Fyrsta skóflustunga var tekin 2. júní 2008. Aðeins 5 mánuðum síðar hinn 8. nóvember síðastliðinn hóf afgreiðsludeildin starfsemi á Hvolsvelli. Allir sem að verkinu komu eiga miklar þakkir skyldar fyrir hröð og vel unnin verk.

Það má alltaf búast við röskun og truflunum við svona breytingar í rekstri. En það hefur komið skemmtilega á óvart að nánast ekkert hefur komið upp og deildin hefur keyrt eins og smurð vél frá fyrsta degi. Því má þakka vönduðum undirbúningi og að allt starfsfólk sem þurfti til rekstrarins flutti með deildinni til Hvolsvallar.

Það tókst að skapa jákvæðan anda í kringum þennan flutning þrátt fyrir að hann þýddi að margir misstu vinnuna. Breytingin var kynnt með miklum fyrirvara og sama kerfi boðið og er kjötvinnslan var flutt á sínum tíma. Starfsfólk, sem vann fram á síðasta dag á Fosshálsi, fékk mismunandi fjölda mánaðarlauna eftir starfsaldri greiddan sama hvort það hætti eða fluttist austur. Þetta tryggði ótruflaða starfsemi til loka í Reykjavík. Á þessum tímamótum láta af starfi margir starfsmenn sem unnið hafa félaginu vel og af trúmennsku og fá þeir allar okkar þakkir og óskir um bjarta framtíð.

*Fyrsta skóflustunga frá vinstri Oddur verksmiðjustjóri, Guðmundur framleiðslustjóri, Jónas stjórnarformaður, undirritaður, Benedikt og Ágúst deildarstjórar í framleiðsludeild.*



## *IV Óvissir tíma - Rekstrarafkoma ofl.*

Sláturfélagið er með mun betri rekstur fyrir fjármagnsliði í ár en fyrra ár en mjög háa fjármagnsliði vegna gengisfalls krónunnar og hárra vaxta og því slæm heildarafkoma fyrirséð. Síðasta vetur var ljóst hvert fjármagnsmarkaðir stefndu og að fjármögnun yrði erfið í nálægri framtíð. Þá var gengið í að tryggja fjármögnun félagsins og framlengingarheimildir í lánasamningum nýttar. SS er því að stórum hluta án langtímaafborgana á erlendum lánum til miðs árs 2010 ef það nýtir framlengingarheimildir í lánasamningum til fulls. Reikna má með að fyrir þann tíma verði komið mun eðlilegra gengi á krónuna og við fáum til baka að stórum hluta, sem hagnað á fjármagnsliðum, það tap sem nú sýnir sig í bókum félagsins.

Talsverð óvissa ríkir nú um áburðarsölu til bænda. M.v. núverandi gengi og verð erlendis er fyrirséð umtalsverð hækkun á áburði milli ára. Áburðarverð erlendis er þó farið að lækka frá því að það var hæst í ágúst s.l. en er þó talsvert frá því verði sem var í upphafi ársins þegar áburðarkaupasamningar voru gerðir. Það er einnig ljóst

að fjármögnun áburðarkaupna verður erfið, bæði áburðarsölum og bændum, vegna efnahagsástandsins og stöðu bankastofnana. Þessi mál þarf að skoða í tíma og vinna með Bændasamtökunum. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu hefur verið kynnt þessi staða. Ekki er gert ráð fyrir að verð á YARA áburði verði kynnt fyrr en á nýju ári.

Það bendir allt til þess að þjóðin sé á hraðferð inn í EB á flóttu undan þeim óförum sem hún hefur komið sér í. Sláturfélagið hefur enga mótaða stefnu í evrópumálum og skoðanir félagsmanna sjálfsagt mjög skiptar. En frá sjónarhóli þess sem kemur að daglegum rekstri félags eins og SS er ljóst að mikil ógnun felst í inngöngu í Evrópusambandið. Markaðurinn mun galopnast fyrir innflutningi og búast má við lækkun vöruverðs og verulega skertrar afkomu bæði bænda og fyrirtækja sem starfa á þessu sviði hérlendis. Það er ekki úr háum söðli að detta og skert afkoma mun óhjákvæmilega leiða til þess að umfang landbúnaðar og úrvinnslugreina verður mun minna en nú er.

## *V Fóðursala*

SS er komið á fullan skrið í sölu á nauta- og kúafóðri og hefur bætt við tveimur vögnum til fóðurdreifingar. Félagið selur úrvals fóður frá Dlg, stærsta fóðurfyrirtæki

Norðurlandanna, sem hefur reynst mjög vel. Nánari upplýsingar um fóðurblöndur, innihald og fleira má fna á vefnum [ss.is](http://ss.is) undir tenglinum “Til bænda”.

## VI Nýr stöðvarstjóri á Selfossi

Einar Hjálmarsson hefur verið ráðinn stöðvarstjóri á Selfossi frá og með áramótum þegar Hermann Árnason lætur af störfum eftir 11 ára farsælt starf.

Einar er bóndasonur frá Langstöðum í Hraungerðis-hreppi hinum forna og hefur starfað hjá félaginu frá 1998. Byrjaði sem sumarfleysingamaður í stórgripahúsinu 1998 og var svo fastráðinn þangað 1999. Síðar var hann verkstjóri í stórgripa- og sauðfjárslátrun frá 2005 til 2006. Þá tók hann stutt hlé en kom svo aftur til starfa sem frystihússtjóri haustið

2007. Einar hefur lokið slátraranámi, hefur kjötmatsréttindi og þekkir starfsemina á Selfossi til hlítar.

Við óskum Einar til hamingju með nýja starfið og óskum honum velfarnaðar við að leiða traustan og samhentan hóp starfsmanna á Selfossi.

Hermannni óskum við gæfu og farsældar á nýjum vettvangi.

## VII Nýjungar í vörulínu SS

Í samvinnu við fjölskylduna í Laxárdal í Gnúpverjahreppi hefur SS ákveðið að markaðssetja svínakjöt hennar undir sérstöku vörumerki “Korngrís”. Sérstaða vörunnar er sú að svínin eru alin á íslensku byggi og lítið notað af innfluttu fœðri. Fjölskyldan hefur lagt í verulegar

fjárfestingar í tengslum við fœðuröflun og geymslur til að tryggja það magn af byggi sem þarf yfir árið. Kynning er að hefjast á vörunni og þess vænst að íslenskir neytendur sýni henni áhuga.



Þróun til tilbúinna eða hálftilbúinna matvæla heldur áfram. Hálfelduð purusteik er nýjung sem SS er að kynna þessa dagana. Beinlaus vara og þannig gerð að auðvelt á að vera að elda lúxus steik með stökkri puru.

Bjúgu eru gamaldags matur sem við höfum sett í nýtt form og köllum skólabjúgu. Þetta er kindabjúgnaefni sem er í millistærð af görnum og hefur gengið mjög vel í skólamáltíðum SS og er nú yfirfært í almenna sölu. Hagkvæm og góð vörukaup.



*Félagsmönnum eru þökkúð góð viðskipti á árinu sem er að líða. Er jafnframt óskað gleðilegra jóla í faðmi fjölskyldu og farsældar á nýju ári.*

Með kveðju,  
Sláturfélag Suðurlands svf.

Steinþór Skúlason

*Fyrirvari er gerður um prentvillur*



Sláturfélag Suðurlands svf.  
Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík  
Sími 575 6000